

e/Umsögn/Umsögn um br á iðnaðarlögum okt. 1999

Alþingi
Erindi nr. P 125/31
komudagur 1.11. '99



Iðnaðarnefnd Alþingis
b.t. Hafdís Ólafsdóttir
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 29. okt. 1999

Samiðn hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42, 18. maí 1978, með síðari breytingum.

Samiðn gerir ekki athugasemdir við fram komið frumvarp enda átti sambandið þess kost að koma með athugasemdir við frumdrög þess. Samiðn sendi lögmanni Iðnaðarráðuneytisins umsögn við frumdrögin og fylgir afrit með þessu bréfi.

Virðingarfyllst

F.h. Samiðnar
Þorbjörn Guðmunsson

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti,
b.t. Jóns Ögmundar Þormóðssonar
Arnarhvoli
105 Reykjavík

Reykjavík 25. nóv. 1998

Samiðn hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42, 18. maí 1978, með síðari breytingum.

Í 8 gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að iðnaðarráðuneytið gefi út reglugerð um löggiltar iðngreinar í stað menntamálaráðuneytis.

Varðandi þessa breytingu leggur Samiðn áherslu á að ekki verði um efnislega breytingu að ræða við flutning á milli ráðuneyta. Einnig telur sambandið nauðsynlegt að inn í frumvarpið komi ákvæði um að samtök sveina og meistara séu umsagnar aðilar ef gerðar verði breytingar á reglugerðinni..

Í 10 gr. er lögð til sú breyting að í iðngreinum þar sem ekki eru starfandi meistarar geti sveinar fengið störf sín metin jafngild starfi hjá meistarum

Ljóst er að þegar um nýjar iðngreinar er að ræða getur verið erfitt að fá vinnu undir stjórn meistarum í viðkomandi iðngrein. Því er eðlilegt að í þeim tilfellum þar sem sveinn á ekki vól á starfi undir stjórn meistarum í iðngrein sinni teljist starf hans í greininni jafngilt starfi meistarum. Slík undanþáguheimild ætti að vera tímabundin þegar um nýjar iðngreinar er að ræða t.d. 5 ár. Eftir 5 ár ætti að vera kominn nægjanlegur fjöldi meistarum í viðkomandi iðngrein.

Þrátt fyrir að heimiluð sé slík undanþága frá meginreglunni er mikilvægt að tryggja að umsóknir um meistarabréf fái faglega umfjöllun. Því er nauðsynlegt að samtök sveina og meistarum séu umsagnaraðilar um slíkar undanþágur.

Í 12 gr. er lagt til að iðnaðarráðherra gefi út sveinsbréf. Samiðn gerir engar athugasemdir við að útgáfa sveinsbréfa verði flutt frá menntamálaráðherra til iðnaðarráðherra.

Með von um jákvæð viðbrögð af hálfu Iðnaðarráðuneytisins

Virðingarfyllt

F.h. Samiðnar

Finnbjörn Hermannsson, formaður